

Stofnanasamningur
Leikarafélags Íslands og Þjóðleikhúss
Gildir frá 1. apríl 2024

*Stofnanasamningur Leikarafélags Íslands og Þjóðleikhússins
gerður með vísan til kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og Leikarafélags Íslands hins vegar Leikarafélags*

Yfirlit

1. Gildissvið	3
2. Markmið.....	3
3. Verkefni og starfsskyldur leikara og dansara	3
3.1 Kjarnastarf.....	3
3.2 Önnur verkefni	3
3.3 Vinnutímaskráning.....	4
4. Starfaflokkun til launa, röðun starfa og sýningalaun	4
4.1 Almennar forsendur röðunar	4
4.2 Röðun starfa.....	4
5. Persónubundnir þættir	5
6. Tímabundnir þættir	5
7. Réttur til endurmats á röðun.....	6
8. Ráðning.....	6
8.1 Leikarar/dansarar eru ýmist fastráðnir, ársráðnir eða verkefnaráðnir.	6
8.2 Hlutastarf verkefnaráðinna.....	6
8.3 Forvinna	7
8.4 Ráðningarfesta	7
9. Vinnutími, vinnuskipulag, álag og yfirvinna.....	8
9.1 Dagvinna	8
9.2 Fyrirvari og boðun.....	8
10. Æfingar, sýningar og heimavinna	9
10.1 Æfingar.....	9
10.2 Sýningar	9
10.3 Heimavinna og mat á hlutverki.....	10
11. Vikulegur hvíldardagur, páskafrí og sumarleyfi	10
11.1 Hvíldardagur	10
11.2 Páskafrí og sumarorlof.....	11
12. Ýmis ákvæði	11
12.1 Leikferðir	11
12.2 Trúnaðarmaður leiksýninga.....	11
12.3 Fræðslumál	11
12.4 Sérþækt framsal	12
12.5 Ákvæði um álag og biðtíma	12
13. Gildistími og endurskoðun.....	12
Bókanir:	13

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi tekur til félagsmanna í Leikarafélagi Íslands sem ráðnir eru til starfa hjá Þjóðleikhúsinu. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra eins og hann er á hverjum tíma svo og fylgiskjöllum og bókunum eftir því sem við á. Samningur þessi tekur við af fyrri stofnanasamningi og sérstöku samkomulagi frá 2006 ásamt breytingum og viðaukum.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um að stefna beri að því að launakerfi uppfylli gagnkvæmar þarfir og væntingar Þjóðleikhússins og starfsfólks og hafa í því skyni sett sér eftirfarandi meginmarkmið:

- Að efla samstarf starfsmanna og stjórnenda í Þjóðleikhúsinu og skapa þannig forsendur fyrir bættum starfsskilyrðum og rekstrarskipulagi.
- Að efla skipulag, forsenduvinnu og framleiðsluferli leiksýninga og auka þannig fyrirsjáanleika í vinnutíma og daglegu starfi.
- Að styðja við stefnu Þjóðleikhússins að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa menntun, hæfni, vilja og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna.
- Að samningurinn sé starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og stöðugrar þjálfunar og endurmenntunar.

3. Verkefni og starfsskyldur leikara og dansara

3.1 Kjarnastarf

Leikarar og dansarar sem ráðnir eru í leikhóp Þjóðleikhússins eru hluti af listrænu teymi sviðslistaverka hússins undir listrænni stjórn leikstjóra. Kjarnastarf þeirra er að vinna að sviðsetningu leikverka með æfingum, heimavinnu og sýningum. Í starfi þeirra felast einnig verkefni sem falla utan reglubundinna æfinga og sýninga, svo sem samstarf við tæknideildir og listræna stjórnendur við hönnun og vinnslu búninga og gerva. Starfsfólk tileinkar sér nýja færni og kunnáttu sem tiltekin hlutverk eða verkefni krefjast með líkams-, radd-, og söngþjálfun sem hluta af listrænum undirbúningi.

3.2 Önnur verkefni

Ásamt listrænni vinnu við leiktúlkun og sviðsetningar leiksýninga og verkefna tekur starfsfólk þátt í leiklesturum, dagskrám, texta- þróunar, og hugmyndavinnu sem og markaðs- og kynningarstarfi vegna verkefna sem það er þátttakandi í og starfsemi Þjóðleikhússins. Starfsfólk mætir undirbúið á æfingar og getur sleppt handriti í samræmi við æfingaáætlun. Leikarar og dansarar eru virkir þátttakendur í að efla starfsemi Þjóðleikhússins og veita aðstoð á æfingatíma eins vinnuskipulag býður uppá með samþykki og á grunni samtals við þjóðleikhússtjóra. Má þar nefna þátttöku í innra og ytra fræðslustarfi, handritalestri, á námskeiðum á vegum leikhússins, þar með talið hvísli og öðrum verkefnum á listasviði. Leikhúsið gætir

jafnvægis við að fela starfsfólki verkefni sem eru utan kjarnastarfs. Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti með samkomulagi leikara/dansara og leikhússins.

3.3 Vinnutímaskráning

Starfsfólk skráir og skilar vinnuskýrslu mánaðarlega í vinnutímakerfi leikhússins.

4. Starfaflokkun til launa, röðun starfa og sýningalaun

4.1 Almennar forsendur röðunar

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfs, ábyrgðar og umfangs og þeirrar færni (menntun/kunnátta/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Við ákvörðun um launasetningu verði almennt byggt á því að um sé að ræða þrjá þætti, þ.e. röðun starfs, persónubundna þætti og tímabundna þætti. Starfslýsing er ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skal hún endurskoðuð í takt við þróun viðkomandi starfs og skal þá jafnframt endurmeta röðun starfsins. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

4.2 Röðun starfa

Starfaflokkun starfs leikara og dansara hjá Þjóðleikhúsinu miðast við grunnmenntun BA gráðu úr viðurkenndu háskólanámi.

Starfsaldur	Lfl.þrep	1.4.2024	1.4.2025	1.4.2026	1.4.2027	1.9.2027
Byrjunarlaun	L9:þ1	629.215	653.559	678.519	704.601	
Eftir 1 ár	L10:þ1	655.239	679.583	704.677	730.778	
Eftir 3 ár	L11:þ0	665.920	690.000	714.951	740.804	
Eftir 5 ár	L11:þ1	682.568	707.250	732.825	759.325	
Eftir 10 ár	L12:þ2	728.608	754.716	781.759	809.771	
Eftir 15 ár	L12:þ3	745.956	772.685	800.372	829.051	
Eftir 20 ár	L13:þ2	758.215	784.752	812.218	840.646	
Eftir 25 ár	L14:þ2	796.125	823.990	852.829	882.678	
Eftir 30 ár	L15:þ2			895.471	926.812	
Eftir 35 ár	L16:þ2					973.153
Eftir 40 ár	L19:þ7	1.137.042	1.176.838	1.218.028	1.260.659	

* Launaflokkur leikara eftir 35 ár kemur inn 1. september 2027 með þeim fyrirvara að áður hafi samningsaðilar náð samkomulagi við menningarmálaráðuneytið um framhald á fjarmögnun fyrir efsta launaflokk leikara.

		1.4.2024	1.4.2025	1.4.2026	1.4.2027
Sýn.laun hefðbundin sýning	100%	12.390	12.824	13.272	13.737
Sýn.laun styttri sýn. að 60 mín	50%	6.195	6.412	6.636	6.869
Sýn.laun m álagi frá 1.1.2026	150%	18.585	19.236	19.908	20.606
Kvöldæfing frá 1.9.2025	40%	4.956	5.130	5.309	5.495

5. Persónubundnir þættir

Til viðbótar við grunnröðun sbr. 4.2 skal stofnun taka mið af persónubundnum þáttum í starfi. Mat á persónubundnum þáttum er varanlegt.

- Masterspróf í sviðslistum gildir til hækkunar um fjögur launaprep.
- Góður viðvarandi árangur í starfi
- Önnur starfstengd námskeið eða nám sem nýtist í starfi og metin eru hverju sinni
- Mæti starfsmaður ekki grunnmenntunarkröfum starfs er heimilt að meta sértæka kunnáttu eða færni sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.

6. Tímabundnir þættir

Tímabundnir þættir eru skilgreindir út frá frammistöðu, ábyrgð, álagi eða umfangi tímabundinna viðbótarverkefna leikara eða dansara umfram eðlilega sveiflu á vinnuálagi vegna eðli starfsemi leikhússins. Slík greiðsla getur verið hækkun á launaprepum eða eingreiðsla. Upphæð eingreiðslu er að hámarki kr. 100.000 á samningstímanum.

Dæmi um tímabunda þætti:

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Sérstakt álag og erfiðleikastig
- Frumkvæði og öflun nýrra verkefna og hugmynda
- Þegar leikari/dansari stekkur inn í hlutverk með stuttum fyrirvara
- Dansari sem tekur að sér hlutverk danskapteins

Undir tímabundið álag getur einnig fallið umframvinna leikara vegna tiltekinna textamikilla hlutverka á æfingatíma. Slíkt álag kemur einnig til álita þegar sérstakrar þjálfunar er óskað utan hefðbundinna leikæfinga, svo sem dans- og líkamsþjálfunar eða hljóðfæra- og söngþjálfunar. Þegar leikari tekur að sér hlutverk annars með stuttum fyrirvara sem kallar á mikla vinnu og álag á skömmum tíma meta leikstjóri og framkvæmdastjóri umfang álags í hverju tilfelli fyrir sig. Tímabundnir þættir eru oftast einstaklingsbundnir en geta þó einnig tengst hópum og jafnvel árangri hópa.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á verkefnum starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

Meta má vægi álags til hækkunar persónu- og tímabundinna þátta að hámarki 20% samanlagt í viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum. Við lok álagstímabilsins fellur tímabundin þóknun niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í stað yfirvinnu.

7. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirbyggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings. Starf og starfskjör skulu metin árlega samkvæmt ósk starfsmanns og í samhengi við starfsmannasamtöl og endurskoðun starfslýsingar og við gerð starfsþróunaráætlana og þeir þættir teknir til skoðunar sem röðun hans byggir á.

8. Ráðning

8.1 Leikarar/dansarar eru ýmist fastráðnir, ársráðnir eða verkefnaráðnir.

8.1.1 Fastráðinn leikari/dansari hefur ótímabundinn ráðningarsamning sem er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara og skal uppsögn heimil á tímabilinu frá 1. mars – 1. júní.

8.1.2 Ársráðinn leikari/dansari er ráðinn til 12 mánaða í senn og rennur ráðningarsamningur hans út án sérstakrar uppsagnar.

8.1.3 Ráðningartími verkefnaráðinna leikara/dansara miðast við dagsetningu á fyrsta samlestri eða fyrstu boðuðu æfingu og til síðustu sýningar og skal að jafnaði ekki vera til skemmri tíma en 4 mánaða. Heimilt er að semja um styttri ráðningu þegar um er að ræða sérgreind afmörkuð verkefni, sýningar sem kalla á innan við mánuð í æfingatíma, svo sem hádegisleikhús eða verkefni á vegum fræðsludeildar. Samið skal um slíkt fyrirfram og þess getið í ráðningarsamningi. Slík ráðning skal vera að lágmarki 2 mánuðir.

8.1.4 Ráðningarsamningur verkefnaráðins leikara/dansarar skuldbindur hann ekki lengur en 12 mánuði frá frumsýningu, nema um annað semjist sérstaklega.

8.1.5 Taki verkefnaráðinn leikari/dansari þátt í fleiri verkefnum á leikárinu hefst nýtt ráðningartímabil á fyrsta boðaða samlestri eða fyrstu æfingu á því verkefni þó hinu fyrra sé ekki lokið.

8.1.6 Starfsnemar frá LHÍ eða öðrum sambærilegum listaskólum njóta sömu kjara og réttinda og leikarar/dansarar fari þeir með hlutverk í leiksýningum. Telji leikhúsið nauðsynlegt að ráða ófaglærðan aðila í hlutverk skal greiða honum laun og ráða í samræmi við samning þennan.

8.1.7 Sé verkefnaráðinn leikari/dansari í þremur leikverkefnum og starfandi í amk 9 mánuði af leikárinu skal veita honum ársráðningu vegna umrædds leikárs. Einnig er heimilt að meta önnur viðamikil verkefni sem leikari/dansari hefur tekið að sér á sambærilegan hátt. Mat er í höndum leikhússtjóra og framkvæmdastjóra.

8.2 Hlutastarf verkefnaráðinna

8.2.1 Ef leikhúsið metur það sem svo að grundvöllur sé eingöngu til að sýna verkefni að hámarki 5 sinnum í mánuði er leikhúsinu og verkefnaráðnum leikara og dansara heimilt að semja um hlutastarf, að lágmarki 60% fyrir, þátttöku í sýningunni. Þetta fyrirkomulag má eingöngu taka upp eftir að 4 mánaða ráðningu er lokið og fari fjöldi sýninga á mánuði umfram 5 sýningar þá skal greiða full mánaðarlaun. Fyrirvari á slíkri breytingu er að lágmarki einn mánuður. Viðkomandi skal fá greidd sýningarlaun til viðbótar mánaðarlaunagreiðslu, hvort sem greitt er

hlutfall eða full mánaðarlaun. Ef leikari fer í 60% starfshlutfall, þá afsalar leikhúsið sér heimild til að boða viðkomandi leikara í önnur verkefni eins og á við um aðra leikara sem eru á fullum mánaðarlaunum, fyrir utan boðun á starfsmannafundi. Kjósi leikari að halda ekki sýningum áfram í hlutastarfi, þá er leikhúsinu heimilt að fela öðrum leikara hlutverkið.

8.2.2 Markmiðið með ákvæðinu er að lengja líftíma verka eftir að farið er að hægjast á sölu, alla jafna um einn til tvo mánuði, til sameiginlegra hagsbóta fyrir leikhúsið og leikara. Eigi síðar en 1. desember 2027 skal Þjóðleikhúsið skila til LÍ skýrslu um hvernig ákvæðið hefur verið notað. Þar skal koma fram fjöldi einstaklinga sem um ræðir, fjöldi verkefna og sá tími sem hvert verkefni nýtti þennan möguleika.

8.2.3 Heimild leikhússins til að semja við verkefnaráðinn leikara/dansar um að fara á 60% laun að lágmarki tekur gildi 1. janúar 2026 og gildir í 12 mánuði frá því að ákvæðið er fyrst notað. Leikhúsið skal tilkynna LÍ um virkjun ákvæðisins með mánaðarfyrirvara. Eftir 12 mánaða reynslutímabil munu leikarar í Þjóðleikhúsinu koma saman og meta reynslu af ákvæðinu. Á þeim tíma hafa þeir tækifæri til að kjósa um eftirfarandi:

- a) Kjósa um að framlengja það tímabundið til 1. janúar 2028
- b) Kjósa um að framlengja ákvæðið ótímabundið
- c) Kjósa um að fella ákvæðið út

Komi til þess að kosning LÍ leiði til þess að ákveðið skuli fellt út, þá tekur það gildi þremur mánuðum síðar.

Umrætt ákvæði er eingöngu hugsað fyrir sýningar sem að öðrum kosti væru teknar úr sýningu.

8.3 Forvinna

8.3.1 Þegar kalla þarf verkefnaráðna leikara/dansara til forvinnu sem nemur stökum samlestri/samlestrum skv. kaflanum um fyrirvara og boðun skal það gert í samráði við viðkomandi leikara/dansara og honum greidd laun skv. lið 1.4.2 í kjarasamningi fyrir þann tíma sem forvinnan stendur, (hlutfall af mánaðarlaunum) enda líði meira en mánuður frá lokum forvinnu þar til samfelldar æfingar hefjast.

8.3.2 Ef hlé verður á æfingum, eftir að reglubundnar æfingar hefjast, sem nemur meira en tveimur mánuðum er heimilt að taka verkefnaráðinn leikara/dansara af launum þann tíma sem hléið varir, enda sé það gert í samráði við viðkomandi og liggi ljóst fyrir við undirritun verkefnasamnings. Verkefnaráðnum leikurum/dönsurum eru ekki greidd mánaðarlaun á tímabili sumarorlofs.

8.4 Ráðningarfesta

8.4.1 Starfsfólk er ekki heimilt að taka að sér önnur leikhlutverk eða starf í öðru leikhúsið meðan það er ráðið hjá Þjóðleikhúsinu, nema í samráði við Þjóðleikhússtjóra. Slíkt leyfi má þó veita að því tilskyldu að viðkomandi sé ekki að æfa eða sýna í Þjóðleikhúsinu á sama tíma og það raski ekki starfsemi Þjóðleikhússins eða áætlunum. Í slíkum tilfellum tekur viðkomandi launalaust leyfi frá Þjóðleikhúsinu í þann tíma sem hann er í starfi í öðru leikhúsi. Ef verkefni skarast og

starfsmaður er enn að sýna í Þjóðleikhúsinu, eftir að hið launalausa leyfi hefur verið heimilað, skal honum boðið að taka hlutfall af mánaðarlaunum vegna þeirra sýninga sem útaf standa, samkvæmt nánara samkomulagi milli leikara og þjóðleikhússtjóra. Í þeim tilfellum skal það liggja til grundvallar að sýningar Þjóðleikhússins njóti forgangs svo áætlanir þess raskist ekki. Óski starfsmaður þess að losa sig alfarið úr viðkomandi sýningu, frekar en að þiggja hlutfall af mánaðarlaunum skal hann taka þátt í að æfa annan starfsmann í hlutverkið.

8.4.2 Starfsfólk þarf heimild þjóðleikhússtjóra vilji það taka að sér verkefni í sjónvarpi, kvikmyndum og útvarpi á starfstíma leikhússins á ári hverju, en þurfa ekki slíka heimild meðan á sumarleyfi þeirra stendur. Verkefnaráðið starfsfólk skal hafa samráð við þjóðleikhússtjóra vilji það ráða sig til annara verkefna (annars leikhúss eða önnur leikhlutverk) jafnhliða samningi við Þjóðleikhúsið. Í báðum tilfellum skal tryggt að Þjóðleikhúsið njóti forgangs við æfingar og sýningar.

9. Vinnutími, vinnuskipulag, álag og yfirvinna

9.1 Dagvinna

Dagvinna er unnin á tímabilinu 09.00 – 17.00 frá mánudegi til föstudags. Virkur vinnutími leikara og dansara er að meðaltali 164,5 klst á mánuði yfir árið - eða 38 klst að jafnaði á viku yfir leikárið. Fast og ársráðnir starfsmenn teljast þá hafa unnið af sér þann tíma sem 2 mánaða sumarleyfi er umfram kjarasamningsbundið orlof.

9.2 Fyrirvari og boðun

9.2.1 Tilkynna skal leikara/dansara um væntanlegt hlutverk í leiksýningum á komandi haustmisseri áður en leikhúsið lokar að vori og um hlutverk á vormisseri næsta almanaksárs fyrir 1. desember eins og kostur er. Leikara/dansara skal um leið gerð grein fyrir hvenær áætlað er að reglubundnar æfingar hefjist og hvenær stefnt er að því að frumsýna. Hann skal hafa aðgang að handriti svo fljótt sem því verður við komið. Stefnt skal að því að kalla leikhópin saman með góðum fyrirvara til sérstaks samlestrar áður en hið eiginlega æfingartímabil hefst.

9.2.2 Þegar samfellt æfingartímabil hefst, eru æfingar og sértæk verkefni næstu viku boðuð eigi síðar en fyrirhádegi á föstudegi. Á sama tíma er rammi æfinga í annarri viku birtur og vikulegur frídagur þá vikuna tilkynntur. Sameiginlegt markmið er að vinnuskipulag sé skýrt og fyrirsjáanlegt eins langt fram í tímann og kostur er.

9.2.3 Sýningaáætlun skal liggja fyrir með mánaðar fyrirvara. Breytingar eru heimilar með tveggja vikna fyrirvara. Ef sýning er afboðuð með skemmri en 6 klst fyrirvara eru skráðar 3 klst í vinnuskýrslu leikara á virkum dögum en 4 klst um helgar. Sýning sem afboðuð er með lengri fyrirvara er ekki skráð í vinnuskýrslu.

9.2.4 Leikari/dansari er ekki boðaður til annarrar vinnu en frumsýningar á frumsýningardegi, nema í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun og þá í samráði við leikara/dansara. Viðkomandi skal vera laus frá æfingum daginn eftir frumsýningu.

9.2.5 Lágmarksboðun vegna verkefna sem falla utan æfinga og sýninga er 1 klst. og er þá miðað við að slík vinna sé samhangandi við aðra vinnu s.s. fyrir eða eftir æfingar. Ef um

sérstaka boðun er að ræða þá er lágmarksboðun 3 klst. Boðun til vinnu sem fellur utan reglubundinna æfinga og sýninga er heimil á daglegum vinnutíma frá mánudegi til föstudags. Heimilt er í samráði við leikara að boða til slíkrar vinnu um helgar og er sú vinna greidd með yfirvinnukaupi.

10. Æfingar, sýningar og heimavinna

10.1 Æfingar

10.1.1 Leikstjóri skipuleggur æfingar og ákveður lengd þeirra í samráði við sýningastjóra.

Æfingar eru heimilar á virkum dögum, mánudaga frá 09.00 - 17.00 og þriðjudaga til föstudaga á tímabilinu 09.00 – 23.00. Meginreglan er að æfing standi milli kl. 10.00 - 16.00. Hámarkslengd daglegra æfinga er 6 klst. Standi æfing lengur er sú vinna greidd með yfirvinnukaupi. Falli æfing niður eða styttest frá æfingaboði gildir æfingaboð.

10.1.2 Æfing hefst þegar leikari/dansari mætir skv. æfingaboði. Sá tími sem leikari/dansari er að farða sig, íklæðast leikbúningi eða sinna öðrum undirbúningi skv. æfingaboði telst til æfingatímans. Sá tími sem leikari þarf til að fjarlægja smink eða gervi og afklæðast búningi telst einnig til æfingatímans og er leikstjóra/sýningastjóra skylt að taka tillit til þess.

10.1.3 Leikstjóri ákveður hvenær gerð eru hlé á æfingum. Á 6 klst. æfingu er veitt 5 mínútna hlé fyrir hverja unna klukkustund. Eftir 6 klst. æfingu er veitt 10 mín hlé fyrir hverja klukkustund.

10.1.4 Leikari/dansari skal vera laus af æfingu 4,5 klst áður en sýning sem hann er þátttakandi í hefst.

10.1.5 Heimilar eru 8 kvöldæfingar á hverju verki innan vinnuskyldu. Þó mega vera 10 kvöldæfingar á fyrstu frumsýningarverkum leikárins á hverju sviði, þar af þrjár í lok undanfarandi leikárs. Kvöldæfingar umfram þessar 8 eða 10 greiðast með yfirvinnukaupi að viðbætti þóknun skv. grein 3. Standi kvöldæfing eða sýning fram yfir kl. 22.00, þarf leikari/dansari ekki að mæta til æfingar fyrr en kl. 10.00 næsta morgun.

10.1.6 Álagsgreiðsla fyrir kvöldæfingar eru greiddar með upphæð sem samsvarar 40% af sýningalaunum sbr. grein 4.2.

10.1.7 Æfingar eru ekki skipulagðar á gamlársgangi eða aðfangadag.

10.2 Sýningar

10.2.1 Sýningar geta hafist kl. 10.00 að morgni og þeim verður að ljúka eigi síðar en kl. 24.00. Sé um að ræða sýningu að einföldustu gerð, þar sem undirbúningstími leikara er innan við 30 mín (ss. sýningarfyrir leikskólabörn) er heimilt að hefja sýningu kl. 09.30.

10.2.2 Sýningar mega vera alla daga vikunnar nema mánudaga. Undanskyldir eru þó Annar í hvítasunnu og Annar í jólum, beri hann upp á mánudag.

10.2.3 Sýningar reiknast sem hér segir: Sýning sem tekur 1 klst. eða minna í flutningi er skráð sem 3 klst í vinnuskýrslu. Sýning sem að meðtöldu leikhléi tekur 1 ½ klst eða minna í flutningi er

skráð sem 4 klst í vinnuskýrslu. Aðrar sýningar eru skráðar sem 5 klst í vinnuskýrslu. Ef sýning er lengri en 3 ½ klst með leikhléi skal semja sérstaklega um fjölda stunda í vinnuskýrslu.

10.2.3.1 Leikari getur óskað eftir því að tímalengd sýningar sem skráð er í vinnuskýrslu sé lengri en tiltekið í grein 10.2.3 sé það sameiginlegt mat hans og skipulagsstjóra að nauðsynlegur einstaklingsbundinn undirbúningur fyrir hverja sýningu sé umfram hefðbundna mætingu (90 mín fyrir upphaf sýningar). Grundvallar-viðmið er óbreytt en ef leikari telur sérstakar forsendur sem rökstyðji frávík, þá hafi hann samband við skipulagsstjóra og í sameiningu meti þeir hvort ástæða sé til að hverfa frá meginviðmiðinu.

10.2.4 Heimilt er að boða leikara/dansara í upphitun, smink o.þ.h. einni og hálfri klukkustund áður en sýning hefst. Sé boðað fyrir greiðist sá viðbótartími sem yfirvinna. Sé sýning klukkustund eða styttri er boðun heimil klukkustund fyrir sýningu.

10.2.5 Taki leikari þátt í fleiri en einni sýningu á sama verki á dag, sem sýndar eru hvor á eftir annarri, á hann rétt á 30 mínútna hlé á milli sýninga. Ef sýningar verða þrjár eða fleiri verður að gefa að minnsta kosti eitt 60 mínútna hlé milli sýninga. Ef um tvö ólík verk er að ræða verður að gera ráð fyrir því að minnsta kosti tvær klukkustundir líði frá því sýningu á fyrra verki lýkur og þar til sýning á því síðara hefst. Ef ekki er unnt að tryggja þennan tíma vegna skipulags starfseminnar, skal viðkomandi leikara greidd yfirvinna vegna þess tíma sem vantar upp á fyrrgreint hlé.

10.2.6 Leikarar sem sýna á annan í jólum fá greidd tvöföld sýningalaun.

10.3 Heimavinna og mat á hlutverki

10.3.1 Leikari dansari skráir heimavinnu í vinnuskýrslu 6 klst á viku.

10.3.2 Starfsmaður sem er í mjög stóru og eða krefjandi hlutverki skal frá skráningu fyrir álag með því að skrá tímabundið fleiri klukkustundir í vinnuskýrslu, allt að 10 klst. Skal þetta liggja fyrir í upphafi æfingatíma en aðilar get óskað eftir að hlutverk verið metin tveimur vikum fyrir frumsýningu. Við mat á hlutverki skal horft til umfangs texta, viðveru á sviði, og líkamlegrar áreynslu. Matið annast þjóðleikhússtjóri, leikstjóri og dramatúrg verksins.

11. Vikulegur hvíldardagur, páskafrí og sumarleyfi

11.1 Hvíldardagur

11.1.1 Leikarar/dansarar skulu eiga að lágmarki einn hvíldardag í viku. Skal leitast við að sá dagur sé laugardagur eða sunnudagur sé því viðkomið. Hvíldardagar skulu kynntir með tveggja vikna fyrirvara sbr. grein 9.2.2 um fyrirvara og boðun.

11.1.2 Eftirgreindir dagar teljast ekki til vikulegs hvíldardags leikara: 17. júní, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, aðfangadagur jóla, gamlársdagur og nýársdagur.

11.1.3 Tveimur vikum fyrir frumsýningu er leikhúsinu heimilt í samráði við leikara/dansara í viðkomandi verki að fresta vikulegum hvíldardegi þannig að leikari/dansari fái samsvarandi hvíldartíma síðar og ávallt innan 14 daga komi 2 samfelldir frídagar í kjölfar lögbundins hvíldartíma.

11.2 Páskafri og sumarorlof

11.2.1 Leikarar/dansarar skulu eiga samfelld vikufri í páskavíkunni þ.e. frá og með miðvikudeginum fyrir páska til og með þriðjudagsins eftir páska. Ef nauðsyn kallar á æfingar á miðvikudegi/þriðjudegi vegna frumsýningar skömmu eftir páska er heimilt með samþykki allra leikara/dansara í viðkomandi verki að boða til æfinga sem skulu þá greiðast með yfirvinnukaupi.

11.2.2 Miðað er við að tveggja mánaða samfelld sumarorlof leikara og dansara sé frá 1. júlí til 1. september ár hvert. Þjóðleikhúsinu er heimilt að breyta þeim dagsetningum um 15 daga til eða frá þó þannig að fáið tveggja mánaða samfelld fri. Tilkynna þarf um dagsetningu sumarorlofs eigi síðar en 31. mars.

12. Ýmis ákvæði

12.1 Leikferðir

12.1.1 Leikferðir eru innan starfsskyldu leikara/dansara. Leikferðir þar sem gist er fjarri heimili geta þó ekki staðið lengur en 6 vikur á ári, nema með sérstöku samþykki allra leikara/dansara í verkinu. Þar af má samfelld leikferð ekki standa lengur en í 3 vikur. Leikara/dansara skal tilkynnt um leikferð með minnst mánaðar fyrirvara.

12.1.2 Í leikferðum reiknast hver dagur að lágmarki 8 klst í vinnuskýrslu. Vinnudagur hefst þegar starfsmaður er boðaður til brottfarar vegna ferðalagsins. Fari samlagður klukkustundafjöldi ferðatíma og æfingar yfir 8 klukkustundir er greidd yfirvinna fyrir þá umframtíma. Sömu reglur gilda um lágmarks hlé milli æfingar og sýningar og tímaskráningu sýninga í vinnuskýrslu í leikferðum sem og við störf í húsi.

12.1.3 Ef um leikferð er að ræða sem farin er innan daglegs vinnutíma og leikari þarf ekki að dvelja fjarri heimili sínu yfir nótt skulu ekki greiddir dagpeningar. Í slíkum ferðum skal Þjóðleikhúsið greiða fyrir fæði og ferðakostnað.

12.2 Trúnaðarmaður leiksýninga

Til viðbótar við trúnaðarmann LÍ velja leikarar í hverri uppfærslu úr sínum hópi trúnaðarmann sýningarinnar sem hefur það hlutverk að vera milliliður leikhópsins við stjórnendur leikhússins. Til trúnaðarmanns skal leikhúsið beina erindum er varða afbrigði frá ákvæðum stofnanasamnings eða sérstökum erindum varðandi uppfærsluna, æfingar eða sýningar. Trúnaðarmaður ber málið upp við leikhópinn og greinir leikhúsinu frá ákvörðun/viðbrögðum hópsins.

12.3 Fræðslumál

Starfsmanni er heimilt að óska eftir þriggja mánaða námsleyfi á launum á 5 ára fresti í samráði við þjóðleikhússtjóra. Slíkt leyfi skal sækja um að vori fyrir komandi leikár. Fyrirvari getur þó verið skemmri ef um það næst sátt milli aðila.

12.4 Sérþækt framsal

Í sérstökum tilfellum og komi fram ósk um slíkt getur leikhúsið gefið aðstandendum og leikhópi tiltekinna sýninga umboð og heimild til að sýna viðkomandi sýningu, eða brot úr henni utan Þjóðleikhússins, úti á landi eða erlendis. Þegar ósk um slíkt kemur fram skal hún metin í hverju tilviki fyrir sig og einungis tekin til skoðunar að því tilskyldu að reglubundnum sýningum í leikhúsinu sé lokið, hvort heldur er vegna sumarleyfa, eða vegna þess að verkefni er ekki lengur á dagskrá leikhússins. Við þær aðstæður skal þess gætt að Þjóðleikhúsið hafi hag og sóma af slíku framsali. Þá skal það tryggt að höfundarréttur allra sem að verkefninu koma skuli virtur og gerðir séu samningar við alla rétthafa.

12.5 Ákvæði um álag og biðtíma

12.5.1 Ekki eru greiddar álagsgreiðslur og greiðslur v. biðtíma skv. kafla 1.6 í kjarasamningi Leikarafélags Íslands og fjármálaráðherra.

12.5.2 Þjóðleikhúsið greiðir leikurum sérstaka greiðslu vegna álags- og biðtíma milli æfingar og sýningar á sama vinnudegi með 50% álagi á sýningarlaun þeirrar sýningar. Jafnframt greiðir leikhúsið leikurum sérstaka greiðslu vegna álags og biðtíma milli tveggja sýninga sem leiknar eru innan sama vinnudags með 50% álagi á sýningarlaun seinni sýningar dagsins.

13. Gildistími og endurskoðun

13.1 Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans sbr.10.gr. í kjarasamningi aðila.

13.2 Gildistími samningsins er frá undirritun til 31. mars 2028

Reykjavík 4.september 2025

Fyrir hönd Þjóðleikhúss:

Magnús Geir Þórðarson

Fyrir hönd Leikarafélags Íslands:

Birna Hafstein

Atli Rafn Sigurðarson

Hrafnhildur Theodórsdóttir

Bókanir:

Bókun 1: Launasetning og flæði í launatöflu: Aðilar eru sammála um að á næsta samningstímabili verði það í forgangi endurmeta launasetningu leikara með það markmið að eðlilegra flæði verði í launasetningu leikara/dansara í Þjóðleikhúsinu með sérstaka áherslu á lægstu launaflokka.

Bókun 2: Samningsaðilar eru sammála um að stefnt skuli að því að Þjóðleikhúsið geti amk. árlega boðið leikurum/dönsurum sínum upp á námskeið af einhverju tagi sem stuðli að aukinni kunnáttu þeirra og færni í starfi. Starfsmenn sem sækja fræðslu – eða þjálfunarnámskeið samkvæmt beiðni Þjóðleikhússins halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað vegna þeirra. Á samningstímanum vinnur leikhúsið að virkum starfsþróunaráætlunum fyrir leikara og dansara.

Bókun 3: Aðilar samnings þessa eru sammála um að vinna áfram að góðu skipulagi og fjölskylduvænna starfsumhverfi. Í samræmi við það munu LÍ og Þjóðleikhúsið skipa starfshóp sem leggur mat á árangur og kemur með ábendingar til úrbóta í tæka tíð áður en umræður um nýjan samning hefjast eða 1. febrúar 2027. Horfa má til eldri bókana í símaningi frá 2021, t.d. tíðni og fyrirsjáanleika boðaðrar vinnu, tíðni og frestun vikulegs frídags, reynslu af boðun hvíldardags tvær vikur fram í tímann, vinnutíma starfsfólks. Horft sé heildstætt á málið, þ.e. út frá listrænum markmiðum, rekstarlegum og mannauðslegum.

Bókun 4: Sé fastráðnum starfsmanni falið annað starf umfram það sem talað er um í samningi þessum svo sem þegar leikara er falin leikstjórn þá fer um það skv. grein 8 í samningi Þjóðleikhússins og FLÍ. Sama gildir ef einstaklingi, fastráðnum eða einstaklingi á tímabundinni ráðningu svo sem dansara er falið starf danshöfundar eða dans – og sviðshreyfinga í leiksýningu. Grunnráðning er þá ráðning sem dansari og þar við bætist þóknun vegna annars verkþáttar sem hluti af listrænu stjórnendateymisýningarinnar. Sú þóknun fer þá eftir eðli vinnunnar og umfangi.